



Heilbrigðisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10 – 2. hæð  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 6. desember 2010  
2010120044/0.1.2/GG/kg

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um embætti landlæknis og lýðheilsu.  
Þskj. 207—190. mál**

Landlæknir þakkar tækifæri til að gefa skriflega umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Með frumvarpinu er stigið stórt skref til hagsbóta fyrir heilbrigðisþjónustuna og lýðheilsustarf í landinu. Það tryggir að ný stofnun byggji á 250 ára sögu embættis landlæknis samtímis sem lýðheilsa og öflugt lýðheilsustarf styrkja stöðirnar og horfa til framtíðar. Því ber að fagna fyrirbyggjandi lagafrumvarpi.

Landlæknir vill nota tækifærið og koma með eftirfarandi athugasemdir:

**Breyting á lagafrumvarpi**

*8. gr.*

Landlæknir leggur til að í frumvarpinu verði gert ráð fyrir því að embættið hafi leyfi til að taka í geymslu gagnasöfn eftir því sem ástæða er talin til. Hér getur verið um að ræða gagnasöfn sem einstakir heilbrigðisstarfsmenn hafa byggt upp á liðnum áratugum, fyrir setningu tölvulaga. Þessi gagnasöfn eru sum hver ekki í virkri notkun en gætu nýst áfram til rannsókna seinna meir. Landlæknir hefur einnig vakið athygli á mikilvægi þessa við Persónuvernd. Því leggur landlæknir til að eftirfarandi setning verði sett inn í 8. gr. frumvarpsins:

- c. Landlækni er heimilt að taka til varðveislu gagnasöfn um sjúkdóma sem stofnað var til fyrir setningu tölvulaga. Meðferð upplýsinga úr slíkum gagnasöfnum verði gerð með heimild Persónuverndar og Vísindasíðanefndar.

**Athugasemdir við kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins**

**Dánarmeinaskrá**

Í 2. málsgrein er lagt mat á kostnað við flutning á dánarmeinaskrá frá Hagstofu Íslands til embættis landlæknis og lýðheilsu og aukinn kostnaður embættisins talinn vera 3 m.kr. Hér er um verulegt vanmat að ræða á kostnaði við rekstur dánarmeinaskrárinnar enda í engu samræmi við þann kostnað sem Hagstofa Íslands hefur haft af þessari starfsemi mörg undangengin ár. Vegna þessa er nauðsynlegt að vekja athygli heilbrigðisnefndar á í hverju umrætt starf felst svo ákvörðun um fjárframlag byggji á raunverulegum kostnaði en sé ekki leið Hagstofu Íslands til að bregðast við kröfu um niðurskurð í sinni eigin starfsemi.

Skráning og úrvinnsla dánarmeina byggir á gildandi lögum nr. 61/1998. Í reglugerð nr. 248/2001 er vísað til þess umhverfis sem embætti landlæknis og Hagstofa Íslands eiga að starfa. Þar er meðal annars kveðið á um í 15. gr. að landlæknir eða læknir í umboði hans skuli leita eftir upplýsingum um niðurstöðu krufninga eða rannsókna sem talin eru hafa þýðingu við úrskurð um dánarorsök, t.d. eiturefnarannsókn og sýkla- eða veirurannsókn. Skv. 16. gr. sömu reglugerðar skal Hagstofa Íslands í samráði við landlækni „skrá dánarorsakir eins nákvæmlega og hægt er og ber að styðjast við gildandi útgáfu Alþjóðlegrar tölfræðiflokkunar sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála (ICD)“. Þetta innihald reglugerðarinnar er skýrt og vísar til þess að þau gögn sem unnið er með séu frumgögn úr heilbrigðisþjónustu og verði ekki fullunnin án aðkomu fulltrúa hennar.

Hagstofa Íslands og Landlæknisembættið undirrituðu samkomulag í nóvember árið 2000 um innihald og framkvæmd skráningar og kóðunar dánarmeina. Þar er getið sérstaklega um hlutverk sérfræðings sem landlæknir tilnefnir í samráði við Hagstofu og ber hann ábyrgð á að afla viðbótarupplýsinga frá læknum. Lækninum er ætlað að starfa í nánnum tengslum og hafi tengilið við Landlæknisembættið.

Landlæknir fagnar því að dánarmeinaskrá verði með frumvarpinu eitt af þeim gagnasöfnum sem falin eru í umsjón embættisins. Þessi niðurstaða er einnig í samræmi við viðræður sem farið hafa fram við Hagstofu Íslands á liðnum árum. Landlæknir leggur til að embætti landlæknis og lýðheilsu fái á fjárlögum þann kostnað sem Hagstofa Íslands hefur sannanlega haft af starfsemi dánarmeinaskrárinnar á undanförunum árum. Á fjárlögum ársins 2010 fékk Hagstofan 8,4 m.kr. til reksturs dánarmeinaskrár en í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofunnar er gert ráð fyrir að embætti landlæknis og lýðheilsu fái 3 m.kr. til sama lögbundna verkefnis. Augljóst má vera að sú upphæð er í engu samræmi við raunverulegan kostnað við reksturinn, sbr. fyrri fjárframlög til skrárinnar og óskar landlæknir eftir leiðréttingu á þessu misræmi.

### **Lækningataeki**

Í 3. málsgrein er lagt mat á kostnað við flutning á umsýslu vegna lækningataekja til Lyfjastofnunar. Þar segir að framlag sem Landlæknisembættið fékk á fjárlögum árið 2000 sé framreiknað um 5 m.kr. og gert ráð fyrir að sú upphæð sé flutt til Lyfjastofnunar. Þarna er ekki tekið tillit til þess sparnaðar sem embættinu hefur verið gert að sæta á undanförunum árum. Það má því ætla að rétt upphæð í dag sé nær því að vera á bilinu 3,5 til 4 m.kr.

### **Gagnasöfn**

Í 4. málsgrein kostnaðarmatsins er fjallað um þann lið í frumvarpinu sem leggur til að landlæknir komi á skrá um öll tilvik sykursýki. Fram kemur að um nýtt verkefni sé að ræða og að ekki sé gert ráð fyrir nýjum fjárveitingum vegna þess. Þá er einnig áætlaður 2 m.kr. kostnaður vegna hugbúnaðarvinnu við gerð skrárinnar en annar umsýslukostnaður er talinn óverulegur. Hér er um verulegt vanmat að ræða, bæði hvað varðar stofnkostnað við gerð skrárinnar og umsýslukostnað. Skrá sem þessi kallar á ýmis konar reglubundna umsýslu, bæði hvað varðar mannafla og tæknilegan rekstrarkostnað.

### **Húsnæði**

Í 5.-7. málsgreinum kostnaðarmatsins er kostnaður vegna húsnæðis tekinn til ítarlegrar skoðunar. Þar er m.a. vakin athygli á því að fyrsta val Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) hafi ekki verið valið, en það leiði til aukins kostnaðar fyrir hið nýja embætti. Vakti nálgun fjárlagaskrifstofunnar athygli landlæknis ekki síður en þingmanna við 1. umræðu frumvarpsins. Í þessu sambandi vill landlæknir vekja athygli á eftirfarandi:

### **Stærð húsnæðis**

Í húsrýmisáætlun FSR var gert ráð fyrir að 1600 m<sup>2</sup> dygðu hinu nýja embætti. Þetta var niðurstaða þrátt fyrir eindregnar ábendingar bæði forsvarsmanna Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar um að hinu nýja embætti væri þröngur stakkur skorinn með svo lítið rými og gæfi enga möguleika á því að taka við nýjum verkefnum á allra næstu árum. Í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir um að leigja hluta Heilsuverndarstöðvarinnar til starfseminnar er ætlunin að leigja um 1800 m<sup>2</sup>. Þetta byggist m.a. á því að gangar eru stærri en húsrýmisáætlanir FSR gera almennt ráð fyrir enda er húsið gamalt og á skrá húsafriðunarnefndar vegna gildis þess í borgarmyndinni. Það er mat landlæknis að það sé eðlilegt að tekið sé tillit til þessa við ákvörðun fjármagns vegna leigu.

### **Kostnaður**

Í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er vakin athygli á því að FSR hafi mælt með ódýrara húsnæði (1500 kr/m<sup>2</sup>) en heilbrigðisráðuneytið þar sem kostnaður er 1850 kr/m<sup>2</sup>. Í þessu samhengi má nefna að það húsnæði sem FSR mælti með var þriðji valkostur ráðuneytisins og landlæknis, m.a. vegna innri uppbyggingu húsnæðisins á Laugavegi og hugmynda um nýtingu þess. FSR bárust önnur tilboð sem voru ýmist ódýrari en Laugavegur 178 eða dýrari en Heilsuverndarstöðin. Í ljósi staðsetningar Heilsuverndarstöðvarinnar var það niðurstaða ráðuneytisins að leggja til að það húsnæði yrði tekið á leigu. Í þessu samhengi er rétt að minna á að ríkisstjórn Íslands hefur nýlega ákveðið að byggja upp háskólasjúkrahúsið við Hringbraut. Þessi ákvörðun, sem felur í sér mikla fjárfestingu, hefur m.a. verið studd með tilvísan í mikilvægi þess að efla tengsl stofnunarinnar við vísindasamfélagið í Vatnsmýrinni, þ.e. Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Enginn dregur í efa mikilvægi þess að meðferð og lækningar sjúkdóma sé ávallt byggð á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. Staðsetning embættis landlæknis og lýðheilsu í Heilsuverndarstöðinni, í nálægð við það öfluga þekkingarsamfélag heilbrigðisvísinda sem verið er að byggja upp við Hringbraut, styrkir embættið og sýnir í verki þann ásetning stjórnvalda að efla lýðheilsustarf og eftirlit með heilbrigðisþjónustunni til jafns við hinn læknaði þátt hennar. Staðsetning embættis landlæknis og lýðheilsu þar styður einnig tengsl hennar við aðrar stofnanir stjórnsýslunnar sem flestar eru miðsvæðis, t.d. nýtt velferðaráðuneyti í Tryggvagötu, og aðra sem hún er í samstarfi við eða þurfa að leita til hennar. Staðsetning miðsvæðis felur því í sér aukakostnað sem eðlilegt er að gera ráð fyrir í fjárlögum fyrir nýja stofnun.

Í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofunnar er bent á að núverandi húsnæði Landlæknisembættisins á Austurströnd á Seltjarnarnesi kosti 2124 kr. m<sup>2</sup>. Er lagt til að hið nýja embætti eða heilbrigðisráðuneytið beri þann kostnað sem hlýst af þessu ef ekki tekst að semja við nýja leigutaka um að yfirtaka gildandi samning Landlæknisembættisins eða við leigusala um lækkun á leigu, nokkuð sem hann hefur nú þegar hafnað þegar eftir því hefur verið leitað. Í þessu sambandi má nefna að fjármálaráðuneytið sjái alfarið um gerð leigusamnings um Austurströnd á sínum tíma og þáverandi landlækni gert að skrifa undir samninginn. Aftur á móti á nýtt embætti (eða heilbrigðisráðuneytið) að bera kostnaðinn, sem hugsanlega hlýst af 25 ára leigusamningi sem tryggir leigusala hærra verð en almennt gerist á fasteignamarkaði í dag, t.d. dýrara en væntanlegt húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar. Landlæknir óskar eftir því að tekið verði tillit til þessa þegar fjárframlag til hins nýja embættis er ákveðið.

Að lokum má geta þess að eignasvið háskólasjúkrahússins og hönnunardeild hins nýja spítala hefur hug á að leigja hluta af húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar meðan á byggingu nýs spítala stendur yfir.

### Lýðheilsusjóður


Í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofunnar kemur fram að fjármálaráðuneytið sé ósátt við lögbindingu tekna ríkissjóðs sem tryggir Lýðheilsusjóðnum tekjur sínar. Í þessu samhengi vill landlæknir leggja áherslu á að þessi lögbinding á tekjum til forvarnarstarfs var m.a. ein af forsendum þess að sala á bjór var leyfð á sínum tíma. Þessi tekjustofn hefur tryggt Lýðheilsustöð fjármagn til að sinna hlutverki sínu, enda er óskilgreint fjármagn til forvarnastarfs auðveld bráð á tímum niðurskurðar. Landlæknir er andvígur því að þessu fyrirkomulagi verði breytt hvað varðar þennan málaflokk í ljósi sérstöðu hans. Óbreyttur tekjustofn er reyndar ein af forsendum þess að embætti landlæknis og lýðheilsu nái þeim árangri í starfi sínu sem stefnt er að með fyrirliggjandi frumvarpi, bæði hvað varðar arðbærar forvarnir og betri og markvissari heilbrigðisþjónustu fyrir þegnana.

### Almennar athugasemdir

Í 1. umræðu á Alþingi var eftirlitshlutverk embættis landlæknis og lýðheilsu til umræðu. Var spurt hvort slíku eftirliti væri ekki betur fyrir komið sem hluti af stærri eftirlitsstofnun sem hefði einnig eftirlit með félagsþjónustunni. Landlæknir vill vekja athygli á því að eftirlit embættisins varðar ekki eftirlit með sjálfu embættinu, það verður sem fyrr á hendi ráðuneytisins. Aftur á móti er það kostur við eftirlit á heilbrigðisþjónustunni og lýðheilsustarfi að þeir sem framkvæma það á vettvangi þekki til þeirra laga og reglna sem gilda um starfsemina og þær verklagsreglur sem embættið tekur þátt í að semja og sem unnið er eftir, þ.m.t. flokkunarkerfi í sjúkraskrár eða framkvæmd heilsuefningarverkefna. Því er mikilvægt að styrkja þverfaglegar stöðir eftirlitsins svo það nái markmiði sínu, þ.e. styðja við betri þjónustu og auknum gæðum fyrir landsmenn. Þannig eru gæðamál samofin eftirlitinu og stefnt er að því að styrkja og efla þann þátt í starfi embættis landlæknis og lýðheilsu. Embættið hefur ekki stöðu atvinnuveitanda yfir þeim sem sinna þessum störfum á vettvangi og er því ekki með eftirlit á sjálfu sér. Aftur á móti er stjórnvöldum ávallt opinn sá kostur að leita til annarra utan embættisins til að meta þær leiðbeiningar sem embættið mælir með, vinnulag við eftirlit o.s.frv. til að tryggja að þær standist bestu þekkingu og reynslu hvers tíma.

Landlæknir vill að lokum leggja áherslu á að fyrirliggjandi frumvarp um embætti landlæknis og lýðheilsu er stórt og jákvætt skref í sögu heilbrigðisþjónustu á landinu. Sameiningin býður upp á margvíslega möguleika til að efla starf sem snertir velferð þjóðarinnar og sparar fjármagn þegar til lengri tíma er litið. Hann treystir því að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda við lokaafgreiðslu þingsins.

Virðingarfyllt,

  
Geir Gunnlaugsson  
landlæknir